

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 18. desember 2020 í máli nr. 85/2020

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 17. ágúst 2020 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir viðgerð vegna tjóns sem varð á bifreið sem sóknaraðili leigði af varnaraðila. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum 2.044,57 evrur.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 9. september 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 9. september 2020. Athugasemdir sóknaraðila við andsvör varnaraðila bárust 9. september 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, leigusamningur vegna leigu á bifreiðinni, yfirlit yfir ástand bifreiðarinnar við upphaf leigunnar, kostnaðarmat eða svokallað CABAS mat frá fyrirtækinu Z vegna tjónsins, annarsvegar dags. 21. nóvember 2019 og hinsvegar dags. 29. janúar 2020, skrifleg samskipti milli málsaðila, svo og skrifleg samskipti milli fulltrúa Evrópsku Neytendaaðstoðarinnar og starfsmanns varnaraðila.

Með bréfi, dags. 12. október 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili leigði bifreið, af gerðinni Dacia Duster, af varnaraðila frá 18. október 2019 til 28. október 2019. Greiddi sóknaraðili 65.125 krónur fyrir leiguna. Þegar sóknaraðili skilaði bifreiðinni lét hann vita af tveimur rispum á húddi bifreiðarinnar sem komu til á leigutímanum. Var sóknaraðila gert að greiða 360.000 krónur sem innborgun vegna tjónsins þar til endanlegur kostnaður lægi fyrir.

Sóknaraðila barst kostnaðarmat frá varnaraðila, svokallað CABAS tjónamat, vegna viðgerðarinnar þann 21. nóvember 2019. Þar var viðgerðarkostnaður vegna tjónsins sagður að fjárhæð 356.431 krónur. Varnaraðili kvaðst í kjölfarið ætla að endurgreiða sóknaraðila 3.569 krónur af þeim 360.000 krónum sem sóknaraðili hafði greitt varnaraðila. Sóknaraðili mótmælti kostnaðarmati varnaraðila og taldi viðgerðarkostnaðinn í ósamræmi við raunverulegt tjón varnaraðila.

Sóknaraðili leitaði í kjölfarið aðstoðar Evrópsku Neytendaaðstoðarinnar sem hafði samband við varnaraðila fyrir hönd sóknaraðila. Í bréfi til varnaraðila, dags. 22. janúar 2020, var bent á að við upphafi leigunnar hafi sóknaraðili fengið upplýsingar um þær rispur og beyglur sem voru þegar á bifreiðinni, þar á meðal hafi verið rispur á húddi bifreiðarinnar. Var krafist

rökstuðnings fyrir þeim kostnaðarliðum sem tilgreindir voru í tjónamatinu auk afrits af endanlegum viðgerðarreikningi vegna tjónsins.

Þann 29. janúar 2020 sendi varnaraðili sóknaraðila nýtt CABAS tjónamat. Var að sögn varnaraðila um misskilning að ræða milli varnaraðila og verkstæðisins sem framkvæmdi tjónamatið. Tjónið var að fjárhæð 122.389 krónur að sögn varnaraðila. Sóknaraðili bauðst í kjölfarið til að greiða 75% þeirrar fjárhæðar, eða 91.792 krónur, vegna tjónsins og féllst varnaraðili á þær málalyktir þann 26. febrúar 2020. Endurgreiðsla barst hins vegar ekki frá varnaraðila.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili telur að upphaflegt kostnaðarmat varnaraðila hafi ekki verið í samræmi við umfang þeirrar viðgerðar sem framkvæma varð á bifreiðinni vegna tjónsins. Bendir sóknaraðili á að rispur hafi verið á húddinu við upphaf leigunnar líkt og fram kemur í yfirlitsskjali yfir ástand bifreiðarinnar, sem sóknaraðili fékk afhent ásamt bifreiðinni við upphaf leigunnar. Telur sóknaraðili að CABAS tjónamatið taki ekki tillit til fyrra ástands bifreiðarinnar. Þá telur sóknaraðili að í kostnaðarmatinu séu tilgreind atriði sem séu óviðkomandi sóknaraðila. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér tryggingargreiðsluna vegna tjónsins, að frádregnum eðlilegum viðgerðarkostnaði, eða alls 264.639 krónur.

3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili bendir á samkvæmt CABAS mati, dags. 21. nóvember 2019, sé fjárhæð tjónsins 356.431 krónur. Sóknaraðili hafi verið krafinn um þá greiðslu.

IV

Niðurstaða

Kærufnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærufnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili tók bifreið í eigu varnaraðila, af gerðinni Dacia Duster, á leigu frá 18. til 28. október 2019. Þegar sóknaraðili skilaði bifreiðinni voru tvær nýjar rispur á húddi bifreiðarinnar sem varnaraðila var gerð grein fyrir. Í kjölfarið greiddi sóknaraðili 360.000 krónur í tryggingargjald vegna tjónsins þar til endanlegur kostnaður lægi fyrir. Tjónamatið barst þann 21. nóvember 2019 og var viðgerðarkostnaður metinn að fjárhæð 356.431 krónur. Sóknaraðili taldi að tilgreindur viðgerðarkostnaður vegna tjónsins væri hærri en eðlilegt geti talist með hliðsjón af umfangi tjónsins. Þann 29. janúar 2020 sendi varnaraðili sóknaraðila nýtt tjónamat með þeim orðum að „[þ]að virðist hafa verið einhverskonar misskilningur milli okkar og verkstæðisins“. Tjónið var samkvæmt nýju kostnaðarmati metið að fjárhæð 122.389 krónur. Sóknaraðili og varnaraðili komust þann 26. febrúar að samkomulagi um að sóknaraðila bæri að greiða 75% þeirrar fjárhæðar til varnaraðila og varnaraðila bæri að endurgreiða sóknaraðila 264.639 krónur. Endurgreiðsla hefur ekki borist frá varnaraðila.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu að fjárhæð 2.044,57 evrur. Með vísan til þess að greiðsla sóknaraðila fyrir leigu á bifreiðinni var ákveðin í íslenskum krónum í leigusamningi aðila, að fjárhæð tryggingargjaldsins, sem sóknaraðili greiddi varnaraðila, var ákveðin í íslenskum krónum, að bæði kostnaðarmöt varnaraðila voru sett fram í íslenskum krónum og að samkomulag málsaðila um endurgreiðslu var ákveðið með hliðsjón af kostnaðarmati í íslenskum krónum, verður niðurstaða kærufndarinnar ákveðin í íslenskum krónum. Af því leiðir að krafa sóknaraðila er um endurgreiðslu að fjárhæð 264.639 krónur.

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Ökutækjaleiga skuli gæta þess að skráningarskyld ökutæki til

útleigu séu í góðu ásigkomulagi, hljóti gott viðhald og eftirlit og fullnægi kröfum sem gerðar eru um þau í lögum og reglugerðum. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín á hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

Í gögnum málsins er að finna afrit af samningi sóknaraðila og varnaraðila vegna leigu á bifreiðinni. Þar kemur fram að sóknaraðili beri takmarkaða ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda á bifreiðinni samkvæmt svokallaðri CDW tryggingu eða „Collision damage waiver“. Í þeirri tryggingu felst samkvæmt skilmálum varnaraðila að sóknaraðili ber takmarkaða ábyrgð á tjóni umfram 360.000 krónur. Hámarksgreiðsla sóknaraðila vegna tjóns er því 360.000 krónur. Í fyrirbyggjandi samningi sóknaraðila og varnaraðila er ekki að finna nánari upplýsingar um uppgjör vegna tjóns eða hvernig fjárhæð rauntjóns skuli metin.

Í kostnaðarmati varnaraðila, dags. 21. nóvember 2019 var viðgerðarkostnaður metinn að fjárhæð 356.431 krónur. Kostnaður viðgerðarinnar er áætlaður með eftirfarandi hætti án virðisaukaskatts:

- „Yfirbyggingarvinna, Af/Á“ alls 47.100 krónur fyrir 3 klukkustunda vinnu.
- „Yfirbyggingarvinna – Réttning“ alls 34.540 krónur fyrir 2,2 klukkustunda vinnu.
- „Varahlutir“ alls 60.579 krónur.
- „Efni af lager“ alls 4.898 krónur.
- „Málunarvinna“ alls 104.529 krónur fyrir 6,45 klukkustunda vinnu.
- „Málningarefni“ alls 35.327 krónur.
- „Ryðvörn“ alls 471 krónur.

Varnaraðili hefur þegar endurgreitt sóknaraðila 3.569 krónur með hliðsjón af framangreindu kostnaðarmati. Í seinna kostnaðarmati varnaraðila, dags. 29. janúar 2020 var viðgerðarkostnaður metinn að fjárhæð 122.389 krónur. Kostnaður viðgerðarinnar er áætlaður með eftirfarandi hætti án virðisaukaskatts:

- „Yfirbyggingarvinna, Af/Á“ alls 9.420 krónur fyrir 0,6 klukkustunda vinnu.
- „Efni af lager“ alls 565 krónur.
- „Málunarvinna“ alls 63.528 krónur fyrir 3,92 klukkustunda vinnu.
- „Málningarefni“ alls 24.717 krónur.
- „Ryðvörn“ alls 471 krónur.

Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila að sýna fram á fjárhagslegt tjón, umfang þess og að sóknaraðili beri ábyrgð á tjóninu, vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni. Samningur sóknaraðila og varnaraðila um greiðslu sjálfsábyrgðar vegna tjónsins hefur ekki áhrif á þá skyldu.

Þau kostnaðarmöt sem varnaraðili hefur lagt fram eru svokölluð CABAS tjónamöt, en ekki liggur fyrir staðfesting á því að viðgerð hafi farið fram á bifreiðinni. Af fyrirbyggjandi kostnaðarmötum verður ekki að fullu ráðið hvernig raunverulegt tjón varnaraðila, sem rakið verður til sóknaraðila, er fundið út. Ekki er hægt að ætlast til þess að sóknaraðili beri kostnaðinn af því að koma bifreiðinni í betra ástand en hún var þegar sóknaraðili tók hana á leigu.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili og varnaraðili hafi þann 26. febrúar árið 2020 samið um að

sóknaraðili greiddi 75% af fjárhæð CABAS tjónamatsins frá 29. janúar 2020, eða alls 91.792 krónur. Varnaraðili hefur ekki fært rök fyrir ástæðu þess að endurgreiðsla barst ekki í samræmi við samning aðila. Er fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu í samræmi við samning aðila, að fjárhæð 264.639 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 264.639 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson